

Mál nr. 6/2009

M

og

Líftryggingafélagið X v/ hópsjúkra- og hópslysatryggingar.

Ágreiningur um greiðslu bóta úr hópsjúkratryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 9.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X., dags. 9.2.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A, eiginmaður M, hafði í gegnum stéttarfélag sitt í gildi hópsjúkra- og hópslysatryggingu hjá líftryggingafélaginu X. Á árinu 1993 greindust veikindi hjá A og af gögnum málsins má ráða að það hafi verið krabbamein. Veikindin tóku sig aftur upp á árinu 1998 og í lok árs 1999 voru A greiddar örorkubætur úr sjúkratryggingunni vegna þeirra. Þá um áramótin 1999 og 2000 sagði A upp hópsjúkra- og hópslysatryggingunni.

Á árinu 2001 mun krabbamein hafa greinst á ný hjá A. Árið 2003 var barki hans numinn á brott og á árinu 2006 greindust æxli í heila, húð og lunga sem hafði í för með sér tilheyrandi læknismeðferð og sjúkrahúsdvöl. A lést í desember 2007.

Í júlí 2007 var fyrrgreind hópsjúkra- og hópslysatrygging endurvakin hjá X fyrir mistök starfsmanns félagsins að því er X kveður. Iðgjald var innheimt fyrir tímabilið júlí til september 2007, er mistökin uppgötvuðust. Iðgjald vegna þessa tímabils mun hafa verið endurgreitt af X. Í október sama ár krafðist A bóta úr sjúkratryggingunni. X hefur hafnað bótaskyldu. Byggir höfnunin annars vegar á því að A og síðar M geti ekki krafist bóta úr tryggingunni sem fyrir mistök hafi einungis verið í gildi skamman tíma. Hins vegar er byggt á ákvæði í 36. gr. þeirra skilmála sem um vátrygginguna gilda. Samkvæmt því nær vátryggingin ekki til sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni á tímabili þegar vátryggingin var úr gildi nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn þegar vátryggingin tók gildi að nýju. Sama gildir um versnandi heilsufarsástæður (svo) sem rekja má til tímabils er vátryggingin var úr gildi.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir í máli þessu er gefa tilefni til að ætla að hin umdeilda sjúkra- og slysatrygging hafi í júlí 2007 verið endurvakin fyrir beiðni A. Ekki er heldur á því byggt af hálfu M að svo hafi verið. Vátryggingin var í gildi um þriggja mánaða skeið er hún var að nýju felld niður og iðgjald hefur verið endurgreitt. Að öllu virtu þykir mega fallast á að vátryggingin hafi verið sett aftur í gildi í júlí 2007 fyrir mistök hjá X. Eins og hér stóð á verður ekki talið að stofnast hafi réttur til bóta úr vátryggingunni er A lagði fram bótakröfu sína í október 2007. Ennfremur liggur fyrir að á tímabilinu 2000 til júlí 2007 meðan vátryggingin var ótvírætt úr gildi hrakaði heilsu A verulega. Krafa A um frekari bætur úr vátryggingunni gat einungis byggst á versnun á þessu tímabili, en vátryggingin tekur ekki til þeirrar versnunar. Að öllu framangreindu virtu á M ekki rétt til bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr hópsjúkra- og hópslysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 3. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.